

Leikskólinn Norðurberg

Skólanámskrá 2025



Formáli

Vinna við endurnýjun á skólanámskrá leikskólans Norðurbergs hófst rétt í þann mund sem COVID-19 skall á heimsbyggðina vorið 2020. Við tókum upp þráðinn að nýju haustið 2024 og verður formleg útgáfa á haustönn 2025.

Allt starfsfólk leikskólans tók þátt í endurnýjun námskrárinnar með því að skrá sig í hópavinnu eftir köflum og voru þeir hvattir til að skrá sig í hóp þar sem áhugi var fyrir efninu. Vinnan fór fram á dagtíma, snemma að morgni og svo nýttum við tímann á skipulagsdögum og starfsmannafundum yfir skólaárið. Með þessum hætti hafði allt starfsfólk bein áhrif á vinnslu námskrárinnar og lagði sitt af mörkum um mótun hennar, allir eiga sinn þátt í henni.

Ég, undirrituð, tók að mér kaflana fyrir utan grunnþætti menntunar og aðstoðarleikskólastjóri, Gunnhildur Grímsdóttir og Hulda P. Haraldsdóttir, sérkennslustjóri, tóku að sér kaflann um sérfræðiþjónustuna.

Skólanámskrá skal endurskoða reglulega, enda nauðsynlegt þar sem starfshættir eða áherslur leikskólans geta verið síbreytilegir og þá sérlega þegar farið er í breytingar í kjölfar á þróunarstarfi eða breytingar verða á Aðalnámskrá leikskóla.

Þriggja manna ritnefnd var kosin til að ganga frá skólanámskránni fyrir útgáfu. Fyrir utan undirritaða sat Lóa Björk Hallsdóttir, leikskólakennari/deildarstjóri og Hlín Pálsdóttir, leikskólakennari í ritnefnd. Eiga þær bestu þakkir fyrir góð störf.

Virðingarfyllt

Anna Borg
leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Formáli

1.	Inngangur	1
2.	Leikskólinn Norðurberg	3
2.1	Umhverfi leikskólans.....	5
2.2	Starfsfólk leikskóla	6
2.3	Hlutverk leikskólastjóra	7
2.4	Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna	7
3.	Hugmyndafræði, stefna leikskólans	8
3.1	Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna	8
3.2	Að næra hjartað	9
3.3	Umhverfismennt.....	9
3.4	Umhverfisstefna leikskólans	9
3.4.1	Markmið leikskólans í umhverfismálum	10
3.5	Gildi leikskólastarfsins	13
3.6	Leikurinn	13
3.7	Hópastarf	18
3.8	Útinám	19
3.9	Smiðjur	20
3.10	Samverustundir.....	21
3.11	Lubbi finnur málbein.....	22
3.12	Blær.....	23
3.13	Barnasáttmálinn	24
4.	Grunnpættir menntunar	25
4.1	Læsi.....	25
4.2	Heilbrigði og vellíðan	27
4.3	Sjálfbærni.....	28
4.3.1	Umhverfisráð leikskólans	29
4.3.2	Umhverfisráð barna	30
4.4	Sköpun	30
4.4.1	Sköpun í leikskólastarfinu	31

4.5	Jafnrétti.....	31
4.6	Lýðræði og mannréttindi	32
5.	Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	33
6.	Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	34
6.1	Samstarf heimilis og leikskóla.....	34
6.2	Foreldrafélag.....	35
6.3	Foreldraráð	35
7.	Sérfræðipjónusta.....	35
7.1	Farsældarteymi.....	38
7.2	Samþætt þjónusta	38
8.	Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	39
9.	Mat og eftirlit	39
9.1	Ytra mat á leikskólastarfi	40
9.2	Innra mat á leikskólastarfi	41
9.2.1	Mat barna.....	41
9.2.2	Mat starfsmanna leikskólanna	41
9.2.3	Mat foreldra	42
10.	Heimildaskrá	43



1. Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsparfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Aðalnámskrá (2011) byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufyrivalda til að tryggja samræmi og samhæfingu leikskólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gengt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á (Aðalnámskrá, 2011).

Skólanámskrá er unnin með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla, menntastefnu sveitarfélags, stefnu og sérstöðu leikskólans, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fleiri atriðum er skipta máli. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega en árlega er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali, áhersluatriðum í uppeldi og menntun barnanna svo og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008. Tengsl á milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans (Aðalnámskrá, 2011).

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika,



jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.



Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náninni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Lög um leikskóla nr. 90/2008)





2. Leikskólinn Norðurberg

Leikskólinn Norðurberg tók til starfa 16. ágúst 1982. Fyrstu árin var leikskólinn tvísetinn, þ.e. boðið var upp á 4 tíma dvöl f.h. og 4 tíma dvöl e.h. og komu börnin þá með nesti að heiman. Húsnæði leikskólans var einlyft timburhús, byggt ofan í gjótu í grónu einbýlis- og raðhúsahverfi. Deildirnar voru tvær, Klettaborg og Birkiból, þar til byggt var við húsið og gamla húsið endurnýjað frá grunni. Nýr og endurbættur leikskóli var tekinn í notkun 1. desember árið 2000. Í maí árið 2009 bættist svo Lundur við leikskólann, en það er sérhúsnæði fyrir tvo elstu árganga leikskólans, sem staðsett er í fallegu rjóðri vestan megin við leikskólabygginguna.



Norðurberg er sex deilda leikskóli fyrir allt að 101 börn samtímis og búa börn og starfsmenn við góða vinnu- og hvíldaraðstöðu. Húsnæði leikskólans er samtals 989 fermetrar. Í leikskólanum eru tvær deildir fyrir börn á aldrinum 15 – 24 mánaða og nefnast þær Birkiból og Klettaborg. Álfasteinn og Tröllagil eru deildir fyrir börn á aldrinum 25 mánaða og upp í 4 ára. Lundur er deild fyrir tvo elstu árgangana, 4-5 ára. Á Birkibóli og Klettaborg hafa yngstu börnin tvö til þrjú leikherbergi, leikfangageymslu og snyrtingu. Í Lundi eru þrjár góðar leikstofur með fataherbergi og eldhúsi í miðju. Þar er jafnframt góð aðstaða fyrir myndsköpun. Vinnuaðstaða starfsmanna Lundar er einu herbergi en jafnframt hafa þeir aðstöðu í undirbúningsherbergi í aðalhúsinu ásamt öðru starfsfólki leikskólans. Við nýtum kaffistofu fyrir minni fundi og salinn/Kastala, fyrir stærri fundi. Við erum með sérkennsluherbergi,





skrifstofu leikskólastjóra, skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra/ sérkennslustjóra og notaleg kaffistofu fyrir starfsmenn.

Aðalinnkoman í leikskólann er fallett og notalegt anddyri. Inn af anddyrinu er salur til leikja og köllum við hann Kastala. Þar eru tónlistarstundir í viku hverri og á hverjum föstudegi koma deildirnar saman og syngja. Hver og ein deild á að auki sinn dag til hreyfileikja í Kastala. Fjölbreyttar uppákomur eru yfir árið í Kastalanum. Í fataklefa Tröllagils og Álfasteins er hluti af bókasafni leikskólans og á milli þessara deilda er Listasmiðja. Bókasafn er að auki úti í Lundi.



Leikskólinn lokar yfir sumarmánuðina, þrjár vikur í senn, og hefur skólaárið því bæði upphaf og endi. Enn fremur lokar Norðurberg í fimm daga á ári vegna skipulagsdaga og eru þeir auglýstir sérstaklega með mánaðar fyrirvara. Starfsmannafundir eru fjórir yfir árið, tveir fyrir áramót og tveir eftir áramótin. Þessir fundir eru frá 8:00-10:00 og opnar leikskólinn fyrir starfsemi með börnum þessa morgna kl. 10:00. Í upphafi hvers skólaárs er gefið út skóladagatal. Þar sem hefðbundnir viðburðir leikskólans koma fram og þeir menningarviðburðir sem leikskólinn tekur þátt í. Haldið er upp á afmæli Norðurbergs 1. desember ár hvert.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 til 16:30 virka daga. Lokað er á lögbundnum frídögum en einnig á aðfangadag og gamlársgang. Annar lokunartími, þar meðtalin lokun yfir sumartíma, er ákveðinn í fræðsluráði og/eða á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar, sem fer með umsjón og yfirráð yfir faglegu starfi allra leikskóla Hafnarfjarðar. Börn skulu taka samfelldt sumarfrí í fjórar vikur á sumarfrístíma og eru leikskólagjöld felld niður í þann tíma.

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs er yfirmaður leikskóla Hafnarfjarðar. Á skrifstofu sviðsins starfa einnig talmeina- og sálfræðingar auk annarra ráðgjafa sem styðja við starfsemina og þjónusta leikskólana.



2.1 Umhverfi leikskólans

Umhverfi Norðurbergs er mjög sérstakt. Mikið hraun, klettar og trjágróður eru í lóðinni og hraunkambar og fallegur, ræktaður gróður norðan og vestan megin við leikskólann. Það er því stutt að fara og njóta náttúrunnar í öllum sínum fjölbreytileika. Hraunið, mosinn, grasið, hávaxinn trjágróður, hraunbollar og klettar er rétt utan við leikskólann og því mótast starf hans töluvert af því, það er að segja útivist/útikennslu. Einnig er falleg fjara í næsta nágrenni.



Leikskólalóðin sjálf er einstök að því leyti að náttúran hefur fengið að halda sér og mikið er um trjágróður, kletta og lítið er af útileiktækjum. Hún er stór og nær yfir töluvert landsvæði. Starfsmannahópurinn tók á sínum tíma ákvörðun um að þannig ætti lóðin að vera, náttúruleg, falleg, líkamlega krefjandi og skapandi! Í lóðinni liggja trjádrumbar af öllum stærðum og gerðum sem börnin leika sér að og sem án efa efla hugmyndaflug og hvetja til þykjustuleikja, sem eru svo mikilvægir fyrir þroska barna. Það er ein síldartunna (úr tré) í lóðinni, Garðalind, tengd við vatnsniðurfall svo börnin geti nálgast regnvatn á auðveldan hátt til að drullumalla. Lóðinni er skipt niður í ákveðin svæði; sveitin (matjurtagarður), skógurinn (mikill trjágróður), hafið (sandkassi með bát í), kofabyggðin og bak við klettinn (yngstu börnin). Til gamans má geta að fyrir nokkrum árum var “sjáandi” fenginn til að ganga um lóðina og athuga hvort hér væru álfar og huldufólk. Viðkomandi sá álfa- og huldufólksbyggðir víðsvegar um lóðina. Í kjölfarið var byggðin kortlögð til gagns og gamans fyrir framtíðina.



Lóðin í kringum Lund er án girðingar og er hugsunin að baki því að börnin þjálfist í að leika sér á opnu svæði líkt og þau gera þegar þau fara í grunnskóla. Þess skal þó getið að þar eru börnin aldrei að leik án eftirlits kennara. Lögð er áhersla á opinn efnivið og að auki eru börnin þátttakendur í að gera eitt og annað með kennurum sínum til að auðga leikumhverfið t.d. byggja kofa á milli trjáa og setja upp risaeðlugarð sem dæmi. Það er opið eldstæði í Lundarlóðinni, stolt okkar á Norðurbergi. Starfsmenn og börn koma reglulega saman í kringum eldstæðið yfir árið, syngja yfir opnum eldi og njóta saman. Börn og starfsmenn Lundar kveikja oftast upp, elda mat um sumar og á haustin og jafnvel um miðjan vetur! Einnig kveikja þau upp til að poppa og grilla sykarpúða, verðlaun fyrir glæsilegt borðhald.



2.2 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Starfsfólk leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samvirkusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi,





nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki (lög um leikskóla 90/2008). Starfsfólk er bundið þagnarskyldu varðandi málefni sem það verður áskynja í starfi, sem snýr að börnum, foreldrum og öðru starfsfólki. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

2.3 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Á herðum leikskólastjóra hvílir sú skylda að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra að leiðarljósi. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyriræmum yfirmanns og/eða eðli málsins (sbr. 52. gr. barnalaga nr. 76/2003).

Hlutverk leikskólastjóra er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans og að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Leikskólastjóra ber að gera rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í starfsársáætlun (Lög um leikskóla 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

2.4 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eru leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmyndir í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum og starfsfólki ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats leikskólans.





Allt starfsfólk ber ábyrgð á að fara eftir stefnu skólans og fylgja settum reglum. Starfsfólk er bundið trúnaði, sem helst þó látið sé af starfi. Starfsfólki ber að vinna í anda skólanámskrár leikskólans og Aðalnámskrár leikskóla (2011).

Starfsfólk leikskóla vinnur í samstarfi við foreldra og forráðamenn barna og situr starfsmanna- og foreldrafundi sem haldnir eru, eftir því sem við á. Starfsfólk starfar með börnunum í leik og starfi og framfylgir faglegri stefnu leikskólans.

3. Hugmyndafræði, stefna leikskólans

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að hún eigi að vera leikskólastjórnendum og kennurum sveigjanlegur rammi til að ákveða leiðir að markmiðum með námi leikskólabarna, sem sett eru fyrir nám og þroska barnsins út frá heildstæðri sýn á það. Þar koma fram atriði sem leikskólum ber að leggja áherslu á í leikskólastarfinu, en þess er þó getið að þeir hafi frelsi til að fara fjölbreyttar leiðir að sama marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað. Þannig geti starfsaðferðir og hugmyndafræði leikskóla verið ólíkar þrátt fyrir að þær stefni allar að sömu meginmarkmiðunum.

3.1 Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna

Veturinn 2014-2015 var þróunarverkefnið „Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna- undirbúningur fyrir lestur unnið“ í leikskólanum undir handleiðslu Ásthildar Bj. Snorradóttur (2017) talmeinafræðings. Allir starfsmenn tóku þátt í verkefninu og lögðu sitt af mörkum við innleiðingu og útgáfu á þróunarverkefninu.

Megin markmið snemmtækrar íhlutunar í málörvun ungra barna er að skima eftir börnum með málþroskavanda og grípa inn í með viðeigandi aðgerðum eins fljótt og frekast er kostur. Markmiðið er jafnframt að efla almenna málörvun allra barna í leikskólanum með því að leggja áherslu á bækur og ritun í leikskólastarfinu hjá öllum aldurshópum, en það eru þættir sem taldir eru skipta meginmáli í læsisþróun barna.



3.2 Að næra hjartað

Norðurbergi er lögð til grundvallar uppeldisaðferð sem kallast „Að næra hjartað“ (ANH) og byggir á hugmyndafræði Howard Glasser „The nurtured heart approach.“ Lögð er áhersla á jákvæð samskipti við börnin í leik og námi, þar sem starfsmenn leggja sig fram við að taka eftir börnunum þegar vel gengur og spegla athafnir þeirra í orðum. Þetta er gert með því að kenna samskipta- og umgengisreglur áður en þær eru brotnar og



umbuna/hrósa fyrir jákvæða hegðun. Einnig er lögð áhersla á að rækta með börnunum þá eiginleika og lífsgildi sem starfshópurinn hefur sameinast um og hefur trú á, með því að hafa orð á því þegar þau eru sýnd. Þetta eru gildi eins og virðing, kurteisi, hjálpssemi, tillitssemi og jákvæðni.

3.3 Umhverfismennt

Lögð er rík áhersla á umhverfismennt í leikskólanum Norðurbergi og er hún fléttuð inn í daglegt líf barnanna. Þegar horft er á mikilvægi náttúrunnar í lífi mannsins verður ljós nauðsyn þess að um hana sé gengið af umhyggju og virðingu og rétt að stefna að því markmiði að hver kynslóð skili umhverfinu til komandi kynslóða í sama eða betra ásigkomulagi og tekið var við því (sjálfbær þróun). Í leikskólanum er mikil áhersla lögð á flokkun á lífrænu sem ólífrænu sorpi. Það er flokkað inni á öllum deildum, í eldhúsi og öllum starfsmannarýmum.

3.4 Umhverfisstefna leikskólans

Leikskólinn Norðurberg setti sér **umhverfisstefnu sumarið 1998** með það að leiðarljósi að vernda umhverfið og náttúruna. Starfsfólk setti sér markmið og leiðir strax í upphafi og hefur sú vinna þróast frá þeim tíma. Innleiða þurfti nýja starfshætti t.d. varðandi innkaup, notkun orku, vatns og efna og flokkun á sorpi.



Leikskólinn fékk **Grænfánann vorið 2003**, fyrstur leikskóla í landinu. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um góða umhverfismennt og umhverfisstefnu í skólum. Fánann fá skólar í kjölfar verkefna sem er ætlað að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skóla um umhverfismál.



Segja má að helstu markmið leikskólans Norðurbergs varðandi umhverfismál hafi verið römmuð inn þegar ákveðið var að búa til **umhverfissáttmála** fyrir leikskólann til að starfa eftir. Allt starfsfólk tók þátt í smíði sáttmálans, sem er eftirfarandi:

Leikskólinn Norðurberg leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að börnin þekki og virði umhverfi sitt og náttúru og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Leikskólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi almenn innkaup á vörum og matvælum, notkun efna, orku og vatns og meðferð á lífrænum sem ólífrænum úrgangi.

3.4.1 Markmið leikskólans í umhverfismálum

- **Markmiðið er að barnið kynnist umhverfi leikskólans og þeirri náttúru sem umlykur það og læri að bera virðingu fyrir henni**

Leiðir leikskólans að þessu markmiði má finna í kafla 3.85, útinám.

- **Markmiðið er að minnka orku- og vatnsnotkun innan leikskólans.**

Leiðir: Á Norðurbergi eru ljós ekki látni loga í mannlausu herbergi og er séð til þess að rafmagnstæki séu ekki í gangi að óþörfu. Til að minnka enn frekar rafmagnsnotkun er mynd af „slökkviliðsmanni“ (táknrænt) fyrir ofan hvern rofa í leikskólanum. Allir eru því



„slökkviliðsmenn“ í húsinu og allir eru ábyrgir. Einu sinni á ári er átaksvika, þar sem allir eru minntir vel og vandlega á að spara alltaf rafmagn og heitt vatn. Lesið er á rafmagns- og heitavatnsmæla um hver mánaðarmót til að fylgjast með notkuninni.

- **Markmiðið er að flokka lífrænan úrgang frá öðru sorpi og molta.**

Leiðir: Börnin í leikskólanum eru upplýst um hvað sé lífrænn úrgangur og að hann breytist í moltu sé honum safnað í safnkassa. En til þess að leikskólabörn átti sig á þessu ferli verða þau að fá tækifæri til að taka þátt í því, því þau læra jú best á því að upplifa og prófa sjálf. Á hverri deild er fata sem nefnist „Svangi Mangi“ og í hana setja börn og fullorðnir matarafgangana sem fara að lokum í lífrænutunnuna.

Markmiðið er að flokka allan ólífrænan úrgang.



Leiðir: Ólífrænn úrgangur er flokkaður í leikskólanum. Gegnsæir flokkunarkassar eru í anddyri leikskólans. Þangað fara börn og starfsmenn með efni til flokkunar og með því að hafa flokkunarkassa svo miðsvæðis, gefst börnunum tækifæri til að fylgjast með hvað er í kössunum og setja í þá sjálf. Þessi flokkun fer síðan að mestu leyti í gám og tunnur sem standa á leikskólalóðinni, en alltaf þarf að fara með einhvern hluta á næstu endurvinnslustöð, s.s. rafhlöður, gler, ál og skilagjaldsskyldar umbúðir. Börnin taka þátt í að tæma flokkunarkassana. Hafa ber í huga að leikskólabarnið lærir af því að gera hlutina sjálft. Þess vegna er nauðsynlegt að upplýsa barnið þegar hlutirnir gerast, t.d. þegar það finnur álbút þá er tilvalið fyrir starfsmann að setja ákveðið ferli af stað; leyfa barninu að setja bútinn í flokkunarkassa fyrir

málma, þar sem hægt er að endurvinnna nýjan málm úr þeim gamla. Þannig fræðist og nemur litla leikskólabarnið.

Leikskólinn kaupir ekki plastpoka undir rusl. Allir plastpokar sem til falla eða bréfpokar eru notaðir undir óhrein föt og það sem fer í venjulega sorptunnu. Er þá sama hvort um er að ræða umbúðir undan mat eða venjulega plastpoka sem leikskólanum áskotnast.

Alltaf er leitast við að fá gefins afgangspappír fyrir myndmennt með börnunum. Pappírsumbúðir undan mat eru einnig klipptar niður til þess að börnin geti föndrað úr þeim eða teiknað á þær. Allur pappír sem hefur verið notaður og á að henda er flokkaður og hluti af honum (skrifstofupappír) er notaður aftur í pappírsgerð.



Á Norðurlæra eru notaðar taubleiur fyrir yngstu börnin á meðan þau eru í leikskólanum.

- **Markmiðið er að kaupa inn lífrænt ræktaðan mat.**



Leiðir: Matreiðslumaður eldhúss kaupir inn lífrænt ræktað íslenskt grænmeti þegar það á við. Lögð er áhersla á að fá sem flestar matvörur lífrænt ræktaðar, s.s. hveiti, spelt, hrísgrjón, haframjöl, pasta og baunir.



- **Markmiðið er að ræsta leikskólann á umhverfisvænan hátt.**

Leiðir: Það er fyrst og fremst vatnsræsting í húsinu og örtrefjaglútar eru notaðir til að halda gljáa á vöskum, speglum og rúðum. Umhverfisvæn gólfsápa er notuð í mjög litlu mæli og þá aðeins á verulega óhrein gólf í fataklefum.

3.5 Gildi leikskólastarfsins

Hér á Norðurbergi er lögð rík áhersla á að skapa börnunum hlýlegt, hvetjandi og skapandi umhverfi. Þá er talið mikilvægt að skapa samfélag innan leikskólans sem einkennist af kærleik, öryggi, hjálpsemi og virðingu, þar sem öllum líður vel. Starfsmenn leggja sig fram við að þróa sveigjanlegt skólastarf þar sem fjölbreytileikinn er litinn jákvæðum augum og áhersla er lögð á að koma til móts við mismunandi þarfir barna og fjölskyldna þeirra. Litið er svo á að hvert barn sé einstakt og að virða beri þarfir og sérstöðu hvers og eins óháð getu, reynslu, uppruna eða þroska. Í leikskólastarfinu er tekið mið af fjölbreytileika barnahópsins og haft í huga að misjafnt er hvað hver og einn þarf til þess að blómstra. Markmiðið er ávallt að hvert barn taki framförum á sínum forsendum og fái tækifæri til að nýta hæfileika sína sem best.

Þá eru ákveðin gildi höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum í leikskólanum, en allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í að móta þau á sínum tíma. Gildin hafa það að markmiði að stuðla að því að samskipti innan leikskólans einkennist af virðingu og séu innihaldsrík og jákvæð.

Gagnkvæm virðing

Komdu fram við náunga þinn
eins og þú vilt að hann komi fram
við þig

Vera jákvæður

3.6 Leikurinn

Í viðbót Aðalnámsskrá leikskóla (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024) segir að leikur sé lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik lærir barnið margt sem enginn getur kennt því. Þar geta þau t.d. lært um lífið og tilveruna, unnið úr upplifunum sínum, prófað sig áfram á sínum forsendum og öðlast skilning á því sem þau fást við hverju sinni. Mikið sjálfsnám felst því í leik, honum fylgir bæði gaman og alvara. Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla.



Leikurinn er eðlilegt tjáningarform barna og í leik getur alhliða þroski þeirra aukist (Hlín Pálsdóttir, 2017). Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að félagsþroski barna aukist í leik, þau læra t.d. að hlusta og virða sjónarmið annarra, komast að samkomulagi, aðlaga sig að hugmyndum og tillögum annarra og að koma eigin hugmyndum á framfæri. Í leik eykst einnig mál- og hreyfiþroski barna.



Nokkur einkenni leiks:

- Börn hafa ánægju af því að leika sér. Þau taka þátt í leik vegna þess að þeim finnst það gaman og barnið nýtur hans sem jákvæðrar upplifunar.
- Börn ráða því sjálf hvort þau leika sér og ekki er hægt að þvinga börn í leik.
- Leikur er í þykjustunni, handan hins raunverulega heims. Börn nýta ímyndunarafl sitt til þess að skapa persónur eða hluti og barnið gerir hluti sem það getur ekki í daglegu lífi.
- Leikur skapar spennu. Börn geta búið til hættulegar aðstæður í leik sínum.
- Leikur er tjáning á innri eðlishvöt. Hann er leið barnsins til að uppfylla eigin óskir og þarfir sem það getur ekki uppfyllt í raunveruleikanum.
- Leikur er undirbúningur fyrir fullorðinsárin. Í leik þarf barnið að takast á við ýmsar áskoranir sem ýta undir þroska þess.
- Leikur er takmark í sjálfu sér. Hann einkennist af ferlinu fremur en útkomunni. Barnið hefur meiri áhuga á ferlinu sjálfu í leiknum en niðurstöðu hans.
- Leikur er sveigjanlegur. Talsverð breyting getur orðið á formi eða samhengi leiksins meðan á honum stendur.
- Leikur er bundinn tilteknum stað og tíma.

Leikur getur haft margar mismunandi útfærslur eftir því hvað barnið hefst við hverju sinni. Leik barna má skipta í nokkra flokka eftir því um hvers konar leik er að ræða. Það verður þó



að hafa í huga að leikur barns getur tilheyrt fleirum en einum flokki hverju sinni. Þessi listi er ekki tæmandi:

- **Einstaklingsleikur** er það nefnt þegar barnið leikur sér eitt með hluti og/eða eigin hugmyndir.
- **Í hliðstæðum leik** leika börn sér hlið við hlið án þess að trufla hvort annað. Þau geta hermt eftir hvort öðru eða leikið sér á ólíkan hátt. Þessi leikur er algengur hjá 2-3 ára börnum.
- **Skynfæra- og hreyfileikur** er algengastur á fyrstu tveimur árum ævinnar þar sem barnið endurtekur sömu athöfnina aftur og aftur. Barnið rannsakar eiginleika hluta með því að nota bæði skynfæri og hreyfingar.
- **Byggingaleikur** er dæmigerður fyrir börn á aldrinum 3ja ára og eldri en breytist mjög eftir því sem barnið eldist. Barnið býr til byggingar úr kubbum eða álíka efnivið sem hægt er að setja saman á fjölbreyttan hátt. Áhersla barnsins er á byggingarferlið sjálft en ekki hvað það getur gert með bygginguna þegar verkinu er lokið.
- **Hreyfileikur** einkennist af fjöri og látum. Frá tveggja ára aldri verður aukning á leiknum sem nær hámarki snemma á grunnskólagöngu. Öflugar hreyfingar verða til



Þess að hjartsláttur fer vel yfir hvíldarmörk. Börnin nota stærri vöðva og mikið er um grófhreyfingar. Dæmi um virkni í þessum leik eru ganga, klifur, eltingaleikur og þykjustuslagur.

- **Þykjustu- eða hlutverkaleikur** felst í því að geta ímyndað sér að hlutur eða aðgerð sé eitthvað annað en það raunverulega er. Til dæmis getur steinn orðið sími eða trjábólur hestur. Þessi leikur þróast frá 15 mánaða aldri. Við 3 ára aldur verður hlutverkaleikur með öðrum algengur. Börnin fara í hlutverk og til verður söguþráður. Í hlutverkum sínum geta börnin hermt eftir öðrum (svo sem læknum, feðrum, lögreglumönnum) og líkt eftir aðstæðum þar sem tilfinningar, atburðir, fólk og dýr geta komið við sögu.



Í viðbót Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024) segir að skapa eigi öllum börnum bestu leikaðstæður sem völ er á. Leikskólakennarar eiga að hafa markviss áhrif á, taka þátt og efla nám þeirra í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins. Meirihluti

leikskóladagsins á að innihalda leik, þar sem hverju barni eru veitt skilyrði til að njóta styrkleika sinna.

Mat á námi leikskólabarna er að miklu leiti gert í gegn um leik og því mikilvægt að kennarar og annað starfsfólk fylgist með leik barna, ígrundi og skrái hvað fer fram í samskiptum þeirra á milli og skoði gróf- og fínhyrfingar. Upplýsingum er safnað á markvissan og fjölbreyttan hátt. Með þesskonar mati er hægt að aðlaga námsumhverfið og námsaðferðir að börnunum, svo hæfileiki hvers og eins fái að njóta sín.

Á Norðurbergi er börnum kennt í gegnum leik og fléttast hann inn í daglegt líf barnanna í leikskólanum. Þeim er gefinn góður tími til leiks úti sem inni og séð til þess að efniviður til leiks sé fjölbreyttur og vandaður. Á yngstu deildum er unnið með könnunarleik. Þar kanna börnin óhefðbundinn efnivið án hjálpar frá fullorðnum og meðfæddur áhugi þeirra og forvitni er þannig vakinn.

Hlutverk kennara og starfsmanna er að styðja við leik barnanna, grípa þau námstækifæri sem upp koma, veita börnunum aðgang að viðeigandi efnivið og skapa hvetjandi umhverfi fyrir leikinn.

Útisvæði leikskólans er einstakt og er með fjölbreytt náttúrulegt umhverfi. Það eykur á fjölbreytni leikja barna og tækifæri þeirra til að leika sér. Efniviður náttúrunnar hvetur börnin



til að nota ímyndunarafl sitt og sköpunargáfu (Hlín Pálsdóttir, 2017). Það hvetur til samskipta og samvinnu þar sem þau geta þurft að yfirvinna ýmsa erfiðleika í umhverfinu, t.d. að færa til stóra trjádrumba í sameiningu, hjálpa hvort öðru upp í tré eða þegar þau setja upp búð þar sem þarf að komast að samkomulagi um verð á könglum og prikum. Í náttúrulegu umhverfi leika börn sér lengur

og minna er um aðgerðarleysi þar sem umhverfið býður upp á það að börnin þrói leik sinn lengra. Umhverfið býður einnig upp á þróttmikla leiki sem ýta undir hreyfiproska og stuðla að betri hreyfifærni.

[H]aga verður kennslunni þannig að börnin séu ekki þvinguð til að læra . . . [F]rjálsborinn maður á ekki að læra neitt með þrældómi. Líkamleg nauðungarvinna gerir líkamanum ekkert til, en námsgrein sem þvingað er upp á sálina festist ekki í henni . . . [E]kki . . . þvinga börn til náms, heldur skaltu þjálfa þau með leik. Þá sérðu líka hvað í hverjum býr.

Plató

3.7 Hópastarf

Á hverri deild eru börnunum skipt í litla hópa eftir aldri og getu. Hópastarf er þrisvar til fjórum sinnum í viku og er það skipulagt af kennurum og starfsfólki leikskólans. Þar fer fram fjölbreytt nám, t.d. í gegnum lestur, myndsköpun, tónlist, hreyfingu ásamt málörvun sem fer m.a. fram í formi spila, sagna, leikja og umræðna. Hópastarfið er nýtt til að leggja áherslu á og æfa almennar reglur í leikskólanum, s.s. fara í röð, skiptast á og deila hlutum. Kastali, salurinn, skiptist milli deilda og hver deild fær Kastala einu sinni í viku í hreyfipjálfun. Þriðji hópastarfsdagurinn er ætlaður öllum barnahópum til náttúruskoðunar/útikennslu innan sem utan lóðar.



3.8 Útinám

Á Norðurbergi er hugtakið *útinám* notað sem yfirheiti yfir skipulagðar stundir eða ferðir sem barnahópar leikskólans fara í að lágmarki einu sinni í viku. Undir útinám flokkast; hraunferðir (elstu og næst elstu börnin), náttúruskoðun (yngri börnin), skógarferðir (elstu börnin) og umhverfismennt úti (öll börnin). Ýmsir fræðimenn hafa haldið því fram að náttúrulegt umhverfi hvetji börn til þykjustu- og hlutverkaleikja, en slíkir leikir eru taldir hafa hvað mesta þýðingu allra leikja fyrir alhliða þroska barna.



3.9 Smiðjur

Smiðjur fyrir tvo elstu árganga leikskólans eru á miðvikudögum og fer hver hópur einu sinni á sjö vikna fresti í eftirfarandi smiðjur.



Tónlist: Þar er áhersla lögð á takt og hreyfingu með hljóðfærum og við tónlist.



Textílmennt: Þar er börnunum kenndar ýmsar aðferðir við saumskap t.d. handsaumur og vélsaumur í pappír og efni.



Myndlist: Þar fá börnin tækifæri til að vinna með margskonar opinn efnivið í listsköpun.



Hreyfing og yoga: Þar fara börnin í gönguferð þar sem reynir á kraft og þol og enda á nokkrum yogaæfingum.



Útinám: Þar fara börnin í ýmsa leiki og í verkefni sem tengjast læsi, málrækt, stærðfræði og náttúru.



Smíðar og tálgr: Þar fá börnin æfa sig að smíða, saga og tálga á útisvæði leikskólans.



Námsver: Þar vinna börnin í margskonar stærðfræði og læsistengdum verkefnum.

3.10 Samverustundir

Í samverustundum er lögð áhersla á að efla tilfinninga-, félags- og málþroska, börnin fá tækifæri til að tjá sig og læra virka hlustun. Samverustundir eru fyrir alla hópa alla daga. Rætt erum veðrið, heiti dagana og mánuðanna, lesnar sögur og vísur, farið í leiki og haldið upp á afmæli svo fátt eitt sé nefnt. Í samverustundum er rímað, sett saman orð, klappað atkvæði ásamt fleiru sem eflir hljóðkerfisvitund barna. Einnig er unnið með verkefni Blæ og Lubbi finnur málbein.




3.11 Lubbi finnur málbein

Allar deildir leikskólans vinna með námsefnið **Lubbi finnur málbein**. Þar eru íslensku málhljóðin kennd í gegnum tónlist, hreyfitákn og með stuttum, myndskreyttum sögum.

Kennsla málhljóða eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur grunn að lestrarnámi þeirra. Auk þess eflir námsefnið orðaforða og framburð barna. Á Norðurlbergi vinnum með þetta efni á ólíkan hátt eftir aldri og þroska barna. Á yngri deildunum, Klettaborg og á Birkibóli, er lögð áhersla á að kenna hljóðið sem stafirnir segja og táknið sem fylgir hverjum staf, auk þess er tónlistin úr námsefninu í fyrirrúmi. Á eldri deildunum, Álfasteini, Tröllagili og í Lundi er einblínt meira á stafinn, börnin finna orð sem byrja á stafnum, lesa sögu um stafinn og ræða meira um hann. Elstu börn leikskólans fara svo í enn meiri stafavinnu. Hún felst meðal annars í því að þau æfa sig að skrifa stafinn, bæði litla og stóra, finna sjálf orð sem byrja á stafnum og teikna myndir sem byrja á stafnum.

Lubba-heimaverkefni:

Næst elstu börnin fá að fara heim með Lubba 2-3 sinnum yfir skólaárið. Lubbi er í litlum bakpoka ásamt stílabók þar sem fyrirmælin eru þau að lesið sé fyrir Lubba og barn og skráð niður hvaða bækur voru lesnar. Það má einnig skrifa og segja frá því hvað Lubbi gerði um helgina með barninu og svo mega börnin myndskreyta.



Elstu börnin fá að fara með Lubba heim

2 sinnum yfir skólaárið. Í bakpokanum er Lubbi ásamt stílabók þar sem fyrirmælin eru þau að vinna með málhljóð vikunnar, finna hvaða orð byrja á þessu málhljóði, skrifa þau niður og svo mega börnin myndskreyta. Foreldrar mega að sjálfsöðgu hjálpa börnunum.

3.12 Blær

Við erum þátttakendur í forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti í skólastarfi (Barnaheill, e.d.). Öll ný börn í leikskólanum fá að gjöf bangsann Blæ að hausti. Blær er tákmynd vináttunnar, vinskapar og virðingar. Við notum Blæ til að efla góð samskipti, styrkleika hvers og eins ásamt því að vinna með hópana í heild sinni. Í gegnum Blæ læra börnin að lesa úr aðstæðum, tilfinningum félagana og bregðast við þeim á



réttan máta. Blær er líka huggun fyrir börnin ef þau eru lítil í sér eða leið, til að hugga sig við í hvíldinni og hvenær sem þau telja sig þurfa á honum að halda. Blær fylgir líka oft með í samverustundir eða í hópastarfið þar sem við vinnum verkefni úr hugmyndabanka Barnaheilla. Við syngjum lög um Blæ og vináttuna bæði inni á deild og svo þegar við hittumst alla föstudagsmorgna og syngjum saman.

Markmið okkar með Blæ er:

- að umhverfi leikskólans einkennist af umburðarlyndi og virðingu
- að börnin læri að sýna hvert öðru umhyggju
- að börnin læri að bregðast við neikvæðri hegðun
- að virkja einstaklingana og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og verja félaga sína
- að börnin læri að tjá tilfinningar sínar og finni fyrir öruggu umhverfi

3.13 Barnasáttmálinn

Barnasáttmálinn (Barnasáttmáli, 2020) er alþjóðleg viðurkenning á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Hann staðfestir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum eða fyrir börn. Flokka má réttindi barna í þrennt:

Vernd	Umönnun	Þátttaka
Réttur allra barna til lífs og frelsi til tjáningar, skoðana- og trúar. Friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs.	Réttur allra barna til að hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu, aðgengi að menntun og tækifæri til að þroskast félagslega.	Réttur allra barna til að koma skoðunum sínum á öllum málum sem þau varða á framfæri, með einum eða öðrum hætti. Taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska

Á Norðurbergi er unnið eftir barnasáttmálann í öllu daglegu starfi. T.d. fá börnin að ráða með hvað og með hverjum þau leika í vali, þau fá hvíld sem hentar hverju og einu og þau sitja í umhverfisráði svo eitthvað sé nefnt. Öll réttindin sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum eru mikilvæg. Fjórar greinar sáttmálans fela þó í sér grundvallarreglur sem eru rauður þráður í gegnum allan sáttmálann og tengja saman ólík ákvæði hans.





4. Grunnþættir menntunar

Hlutverk leikskóla samkvæmt Aðalnámskránni er meðal annars að búa börn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Þar segir að leikskólabörn þurfi að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þurfi að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

4.1 Læsi

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Á Norðurbergi fá börnin tækifæri til að:

- tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar

Í leikskólanum er hugað að öllum þessum þáttum. Þar fer málörvun barnanna fram við daglegar athafnir svo sem í fataklefa, við matarborðið, í leik, útiveru og í náttúruskoðun. Þá er leitast við að setja orð á hluti og athafnir í umhverfi barnanna, en það er talið afar mikilvægt þegar börn eru að tileinka sér málið og læra ný orð. Sem dæmi um þetta getur verið að í náttúruskoðun sé rætt um margbreytileika árstíðanna og orð sett á það sem fyrir augu ber t.d. tré, blóm, fugl, hart, mjúkt, hrufótt, slétt, heitt, kalt, lítið eða stórt.



Mikið er lagt upp úr lestri bóka og er gengið út frá því að lesið sé fyrir öll börn a.m.k. einu sinni á dag. Hópastarfstímar byrja t.d. ávallt á lestri og þá gefast líka góð tækifæri til umræðna um innihald bókanna og það sem til fellur hverju sinni. Þá eru börnin í fámennari hópum og því hægt að sníða bækur og umræður að aldri og þroska barnahópanna.



Samverustundir eru nýttar til málörvunar og í þeim eru t.d. lesnar eða sagðar sögur eða ævintýri, farið með kvæði og þulur, hlustað á tónlist og sungið og þá fá börnin einnig tækifæri til þess að segja hvert öðru frá liðnum atburðum, eftir því sem aldur þeirra og þroski leyfir. Þá eru börnin jafnframt hvött til þess að setja orð á hugsanir sínar og tilfinningar og þeim kennt að virða skoðanir og hugmyndir annarra þrátt fyrir að þau séu þeim ekki sammála.

Ritmálið er sýnilegt á flestum svæðum leikskólans í þeim tilgangi að börnin átti sig smátt og smátt á því að ritað mál og tákn hafi merkingu. Sem dæmi um þetta má nefna að hlutir eru merktir í umhverfi barnanna, stafrófið hangir uppi á veggjum, stólar barnanna eru



merktir nöfnunum þeirra og myndir hjá yngstu börnunum, myndrænn matseðill hangir á öllum deildum og þjóðfáanar allra hanga uppi á vegg. Dagskipulag deildanna er sýnilegt, myndrænt og með texta, og á öllum deildum er dagatal sem er farið yfir daglega. Börn mega koma með bækur í leikskólann og einnig eru í boði bækur sem að börnin geta tekið með sér heim og skilað seinna. Ýmislegt gert til þess að stuðla að því að börnin verði læs á umhverfi sitt t.d. vettvangsferðum, og læri að þekkja margvísleg tákn s.s. gangbraut, Nettó, Bónus og fleira, í umhverfi sínu.



þroskaþátta. Athafnir eins og að klæða sig í og úr fötum og rýna í veðurfar bjóða upp á tækifæri til þess að efla sjálfshjálp, sjálfstæði barna og læsi á umhverfi sitt. Gönguferðir í nærumhverfi leikskólans eru tíðar og í þeim má einnig finna mörg tækifæri til að efla alhliða þroska og andlega vellíðan barnanna.



Norðurberg hefur í stefnu sinni sem umhverfissvænn leikskóli lagt áherslu á að sem mest af lífrænu hráefni sé notað til matargerðar. Nýr fiskur er tvisvar í viku og hollusta og fjölbreytni höfð að leiðarljósi. Á leikskólanum er fullbúið eldhús þar sem allur matur er eldaður frá grunni.

Börn eiga rétt á hvíld sem hæfir aldri hvers og eins. Elstu börnin kjarna sig og hlusta á sögulestur. Á miðdeildum hvílast börnin við lestur eða rólega tónlist. Á yngstu deildum sofa börn í vagni eða leggjast á dýnur.

4.3 Sjálfbærni

Eins og fram hefur komið er lögð er rík áhersla á umhverfismennt í leikskólanum Norðurbergi og er hún fléttuð inn í daglegt líf barnanna. Það er mikil áhersla lögð á flokkun á lífrænu sem ólífrænu sorpi. Það er flokkað inni á öllum deildum, í eldhúsi og öllum starfsmannarýmum.

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 17).“

Stutt er í óspilta náttúru í nágrenni leikskólans, svo sem opin falleg hraunsvæði, fjöruna við Herjólfsgötuna og svo er farið einu seinni í mánuði með elstu börnin á Hvaleyrarvatn og í Höfðaskóg. Markmiðið er að kynna



börnin fyrir sínu nánasta umhverfi, upplifa og njóta. Ýmislegt sem til fellur í þessum ferðum er notað til sköpunar s.s. laufblöð, skeljar, steinar og fleira sem finnast í þessum ferðum.

Við flokkum allt efni sem kemur inn í leikskólann og endurnotum það sem hægt er að endurnýta áður en það fer á sína endastöð. Á hverri deild er fata sem við köllum „**Svangi Mangi**” og í hana setja börn og starfsmenn matarafganga sem síðan verður að moltu. Elstu börnin eru með kartöflugarða á leikskólalóðinni sem þau hugsa um yfir sumarið og uppskera á haustin.



4.3.1 Umhverfisráð leikskólans

Þar sem leikskólinn Norðurberg er Grænánaskóli þá eru starfandi tvö umhverfisráð, eitt fyrir kennara (umhverfisráð leikskólans) og annað fyrir elstu börnin og kennara (umhverfisráð barna). Umhverfisráð leikskólans hittist einu sinni í mánuði yfir veturinn en umhverfisráð barna hittist nokkrum sinnum frá áramótum og fram til vors ár hvert.

Hlutverk umhverfisráðs leikskólans er:

- að hvetja starfsmenn og börn til að fylgja umhverfisstefnu leikskólans eftir
- að sjá um eftirlit inni á deildum
- að bera ábyrgð á átaksverkefnum í ýmsum þáttum umhverfisstefnunnar
- að lesa af rafmangs- og heitavatnsmælum og skrásetja í hverjum mánuði

- að undirbúa og sækja um Grænfánann annað hvert ár
- að breiða út boðskapinn og vera öðrum góð fyrirmynd

4.3.2 Umhverfisráð barna

Á fundum umhverfisráðs barna fer fram umræða um Grænfánann, flokkunina og hvað hægt er að gera til að draga úr almennri sóun og ganga vel um umhverfið og náttúruna. Þetta eru fundir með fundarstjóra og fundarritara. Í hverjum mánuð eru fjórir „umhverfisráðherrar“ valdir til að ganga um leikskólann og athuga hvort deildirnar fari sparlega með rafmagn og hita og hvort rusl sé rétt flokkað. Ef þessi atriði eru í lagi þá fá deildirnar viðurkenningu fyrir, fallega stjörnu sem sett er á áberandi stað eða þá athugasemdir sem þau koma til leikskólastjóra og óska eftir að brugðist verði strax við.



4.4 Sköpun




Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og beinist fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir barnanna, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Hlutverk kennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum og gera þeim kleift að nálgast viðfangsefnin frá mörgum hliðum.

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja, þannig að menntun er í rauninni sjálfssköpun.

Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börnin skynja merkingu viðfangsefnanna. Í sköpun móta þau viðfangsefnin, búa til og gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þau kunna eða hafa gert áður.

4.4.1 Sköpun í leikskólastarfinu

Á Norðurbergi er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Börnin hafa aðgang að listasmiðju þar sem unnið er á ýmsan hátt að listsköpun. Þau kynnast margskonar efnivið sem ýtir undir hugmyndaflug og örvar sköpunargleði. Útkoman skiptir ekki öllu máli, heldur er það ferlið sjálft og gleðin við að skapa. Helstu markmið eru að vinna með form og lögun, þjálfra fínhyrtingar, s.s. æfa grip á blýanti og pensli, kynnast skærum, klippa frjálst og líma, vinna með efnivið úr náttúrunni til myndsköpunar, sjálfsmyndir til skráningar, að handleika og leika sér með verðlaust efni, gera tilraunir með liti og litablöndun og mála.



4.5 Jafnrétti

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er talað um að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Á Norðurbergi eru börn og starfsmenn með ólíkan uppruna og bakgrunn og hér er litið svo á að fjölbreytileikinn gefi skólastarfinu aukna vídd og veiti ýmis tækifæri sem ekki gæfust annars. Í öllu starfi leikskólans er unnið að því að skapa jöfnuð milli nemenda og reynt að koma í veg fyrir hvers

Barnasáttmáli, 2.gr. Öll börn eru jöfn
Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trú, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti



kyns mismunun. Sem dæmi um það er hægt að nefna að við skipulag skólastarfsins er tekið mið af bakgrunni, líkamlegu og andlegu atgervi hvers og eins. Kennsluaðferðir, námsefni og áætlanir eru aðlagðar að fjölbreyttum hópi nemenda. Í leikskólanum er unnið eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar þar sem litið er á að öll börn eigi jafnan rétt á námi og þátttöku í skólastarfi óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, litarhætti, menningu, stétt, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni og þjóðerni.

4.6 Lýðræði og mannréttindi



Í Lögum um leikskóla (90/2008) segir að markmið leikskóla sé: „að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun.“ Samkvæmt Barnasáttamáli Sameinuðu Þjóðanna eiga börnin rétt á vernd, umönnun og þátttöku. Réttur þeirra til þátttöku felst í því að þau geti tjáð sig um atriði sem geti haft áhrif á tilveru þeirra og að fullorðnir eiga að taka tillit til skoðana þeirra.

Á Norðurbergi er hlúð að lýðræðislegri þátttöku barna í leikskólastarfinu með því að leggja áherslu á að börnin fái tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð, það er að á þau sé hlustað og þau séu tekin alvarlega. Börnunum er skapað rými til þess að taka ákvarðanir miðað við aðstæður og þroska. Börnin geta valið verkefni, efniviði, leiksvæði og leikfélaga innan dagskipulagsins. Um leið og þroski þeirra leyfir geta þau tekið að hluta til ákvarðanir um fatnað fyrir útiveru eða mat eins og t. d. hvað þau vilja borða af því sem er í boði, hversu mikið, skammta sér sjálf. Þannig geta börnin lært af reynslunni. Við erum með umhverfisráð barna (elstu börnin) þar sem þau taka þátt í umræðum og hafa áhrif á þróun umhverfismála leikskólans. Frá yngsta stigi er börnunum kennt almenn kurteisi, að sýna virðingu fyrir skoðunum og gerðum annara. Við teljum að góð félagsfærni barna sé mikilvægur grundvöllur þess að börn upplifi sig sem fullgildir þátttakendur í samfélaginu.

5. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt og hríslast námsþættir inn í daglegt starf barnanna og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og þau læra í samstarfi við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin læsi, heilbrigði og vellíðan, sköpun, sjálfbærni, jafnrétti. Lýðræði og mannréttindi eru undirstaða náms barna. Leiðir og áherslur eru breytilegar eftir aldri og þroska barna en markmið námsins er að mestu það sama fyrir allan aldur.



6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn



Á Norðurbergi er mikið lagt upp úr samvinnu við foreldra enda hafa fjölmargir fræðimenn bent á mikilvægi þess í sambandi við nám og þroska barna. Í því samhengi hefur verið nefnt að foreldrar þekki börnin sín best og geti því veitt kennurum mikilvægar upplýsingar, sem geri þeim betur kleift að sníða starfið að þörfum barnanna og heimamenningu þeirra. Þá er þáttur foreldra einnig talinn mikilvægur þegar kemur að yfirfærslu þess sem börnin læra í leikskólanum yfir á aðstæður heima fyrir og úti í samfélaginu.

Þegar börn byrja hér á Norðurbergi fara fram **samtöl við foreldra** (móttökusamtal) þar sem bakgrunnsupplýsinga um börnin er aflað. Þar er meðal annars safnað upplýsingum er varða heimilishagi, heimamenningu, heimamál (ef við á) og áhugasvið barnanna og fjölskyldna þeirra og þá eru foreldrar beðnir um að lýsa væntingum sínum til leikskólastarfsins og skólaársins framundan. Þetta er gert með það að leiðarljósi að afla sem nákvæmastra upplýsinga um börnin þannig að betur sé hægt að koma til móts við þarfir þeirra og fjölskyldna þeirra.

6.1 Samstarf heimilis og leikskóla

Foreldrar bera ábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Góð samvinna og traust milli foreldra og starfsmanna er undirstaða þess að barninu líði vel í leikskólanum. Starfsfólk leikskólans er sveigjanlegt í samskiptum og kemur til móts við óskir foreldra eins og unnt er. Mikilvægt er að upplýsingarflæði frá leikskólanum sé gott til að foreldrar geti fylgst með því sem þar fer fram og hvað barnið þeirra er að gera hverju sinni.





6.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfsrækt í leikskólanum og eru sjö fulltrúar kosnir í stjórn þess á aðalfundi félagsins á hverju hausti samkvæmt lögum félagsins. Kosið er til tveggja ára í senn. Stjórn Foreldrafélagsins hittist venjulega nokkrum sinnum á ári. Leikskólastjóri situr í stjórn.

Foreldrafélagið sér um eða styður við nokkra viðburði á ári fyrir utan skólatíma. Hefð er fyrir brúðuleikhúsi/leikhúsi í nóvember/desember, félagið sér um kostnað við sýninguna. Foreldrafélagið stendur straum af kostnaði á jólasveini á jólaböllum leikskólans ofl. Á hverju vori hefur félagið staðið fyrir fræðslu fyrir foreldra.

6.3 Foreldraráð

Foreldraráð samanstendur af þremur foreldrum sem sitja jafnframt í stjórn Foreldrafélagsins, þar sem 7 fulltrúar foreldra sitja ásamt leikskólastjóra. Foreldraráð er kosið sérstaklega á aðalfundi félagsins sem er á haustin samkvæmt lögum félagsins. Foreldraráð fundar eftir þörfum, þ.e. þegar gögn berast frá leikskólanum til yfirlestrar og umsagnar.

7. Sérfræðipjónusta

Samkvæmt 21. gr. laga um leikskóla og einnig í reglugerð nr. 584/2010 kemur fram að sveitarfélög skuli reka sérfræðipjónustu fyrir leikskóla. Í henni felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðipjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla (lög um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010).

Á Norðurlæra er sérkennslustjóri sem hefur umsjón með sérkennslu og sér um skipulagningu, framkvæmd og endurmat á henni, í samráði við leikskólastjóra og deildarstjóra. Sérkennslustjóri á í samskiptum við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa ásamt deildarstjóra viðkomandi barns. Ef ástæða þykir eru lagðir þroskalistar fyrir barnið í samráði við foreldra og í framhaldi af því er málinu vísað til Farsældarteymis leikskólans (sjá nánar um Farsældarteymi og Samþætta þjónustu hér fyrir neðan), þ.e. talmeinafræðings, sálfræðings,



sérkennsluráðgjafa og svo framvegis, ef þörf krefur. Sérkennslustjóri fylgir hverju máli eftir í samvinnu við foreldra og starfsfólk leikskólans.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þarfnast sérstakrar kennslu eða stuðnings á ákveðnum sviðum og eru þær unnar af sérkennslustjóra í samráði við deildarstjóra og starfsfólks sérkennslu. Allir þeir sem koma að vinnu með barninu nota einstaklingsnámskrá sem leiðarvísir sér til stuðnings. Með einstaklingsnámskrá er hægt að setja inn markmið og meta árangur og framfarir barnanna og er námsskráin endurmetin reglulega. Myndað er teymi foreldra, sérkennslustjóra, deildarstjóra, sérkennara og utanaðkomandi



sérfræðinga í þeim tilfellum sem þess þarf með. Hittist þá teymið reglulega þar að unnið er að sameiginlegu markmiði, deila upplýsingum og ráðum sem er barninu til heilla.

Einnig er unnið með hópanámskrár þegar fleiri en eitt barn þarf aukna málörvun. Börnunum er raðað í málörvunarhópa eftir þeim málþáttum sem þarf að efla. Auk þess eru börn sem á þurfa að halda í skipulögðum hreyfistundum og leikþjálfun.


Greiningartæki sem stuðst er við í þroskaþáttum barna á Norðurbergi eru eftirfarandi:

- Orðaskil (metur orðaforða barna).
- TRAS (metur málþroska barna).
- HLJÓM – 2, elstu börn leikskólans (metur hljóðkerfisvitund barna).
- AEPS listinn (metur almennan þroska).
- Íslenski þroskalistinn - metur almennan þroska, 3-6 ára, foreldrar fylla út.
- Smábarnalistinn - metur almennan þroska, 0-3 ára, foreldrar fylla út.
- Gerd Strand (mat á 4 ára börnum).



- Færnimats listinn EFI2.
- AHA skráningar.

Mikilvægt er að tryggja að öll börn með einhvers konar frávik í þroska fái sérúrræði og aðstoð með markvissum aðgerðum í leikskólanum. Snemmtæk íhlutun skiptir miklu máli í þessu samhengi. Hér er átt við að bregðast strax við ef foreldrar eða starfsfólk leikskólans telja ástæðu til varðandi þroska barna. Sýnt hefur verið fram á að hægt er að ná góðum árangri ef barnið fær stuðning og kennslu við hæfi eins snemma og unnt er. Oft er um að ræða einstaklingsvinnu eða hópavinnu fárra barna ef það er það sem hentar barninu best. Mikilvægt er að gæta þess að barnið einangrist ekki, heldur aðlagist barnahópum á deildinni en hér þarf að meta stöðu og getu barnsins í hverju tilfelli fyrir sig.



Sérkennsla fléttast því inn í daglegt starf barnsins og verður þannig eðlilegur þáttur í leikskólastarfinu. Við upphaf leikskólagöngu koma foreldrar í móttökusamtal við deildarstjóra viðkomandi deildar. Þar er farið yfir fjölskyldusögu, væntingar foreldrar til menntunar barnsins, heilsufar, almennan þroska og þróun málþroskans. Þetta er partur af snemmtækri íhlutun sem gefur leikskólakennurum fær á að undirbúa koma nýrra barna og grípa til viðeigandi ráðstafna ef þurfa þykir.

Að vori fara fram skólaskil milli leikskóla og grunnskóla. Þar er upplýsingum um börn sem hafa notið stuðnings og/eða sérkennslu komið áfram til grunnskólans. Einnig er upplýsingum sem talið er nauðsynlegt að starfsfólk grunnskóla fái vitneskju um er varðar önnur börn sem ekki falla undir sérkennslu komið til skila. Skólaskil fara einungis fram í samráði við foreldra.



7.1 Farsældarteymi

Hafnarfjarðarbær hefur þróað verklag með það að markmiði að samþætta þjónustu og efla stuðning við börn í leik- og grunnskólum. Verklagið felur í sér samvinnu við sérfræðinga af mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar og leggur áherslu á þjónustu á fyrri stigum. Farsældarteymi er teymi fagfólks af fyrrnefndum sviðum sem og leikskólans sem koma að málefnum barna sem þurfa aukinn stuðning. Í farsældarteymi Norðurbergs sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri auk tveggja ráðgjafa frá mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar. Hlutverk teymisins er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna til stuðnings barninu og fjölskyldu þess.



Farsældarteymi fjallar um nám, hegðun, þroska og/eða líðan barns með samþykki foreldra og viðunandi úrræði eru svo virkjuð til að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Dæmi um úrræði er að vísa barninu til talmeinafræðings vegna gruns um frávík í málþroska, til sálfræðings vegna mats á þroska eða til ráðgjafa sem aðstoðar foreldra og forráðamenn með uppeldishlutverkið.

7.2 Samþætt þjónusta

Öll börn eiga rétt á að fá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Til þess að tryggja rétta þjónustu, frá réttum aðilum á réttum tíma geta foreldrar óskað eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Beiðni um samþættaþjónustu er eyðublað sem foreldrar fylla út. Samþætt þjónusta heimilar tengiliðum og þeim þjónustuaðilum sem koma að málefni barns að skipuleggja og tryggja samfellu í þjónustu við barnið.

Foreldrar barna geta leitað til tengiliðs þjónustu farsældar eftir því sem þörf krefur. Hann hefur yfirsýn um þá þjónustu sem er í boði og getur leiðbeint foreldrum um viðeigandi aðstoð



og tryggt aðgengi að þjónustu. Foreldrar þurfa alltaf að gefa tengilið leyfi áður en haft er samband við aðra aðila. Á Norðurbergi gegnir sérkennslustjóri jafnframt hlutverki tengiliðs farsældar.

8. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Markmiðið er að stuðla að sem bestu samstarfi við grunnskólann í hverfinu, Engidalsskóla, með hag barnanna að leiðarljósi. Stefnt er að því að skapa samfellu í námi og upplýsingamiðlun á skilum skólastiga. Skólarnir skiptast á heimsóknum yfir skólaárið sem er skipulagt af kennurum beggja skólastiga og tengist auk annarra heimsókna, viðburðum í skóladagatalinu s.s. Dag íslenskrar tungu.



9. Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla a umbótum,

tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá, 2011)

9.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra matið sem á að felast í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Mennta- og lýðheilsusvið hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með marvissum hætti. Reglulega (annað hvert ár) eru lagðar fyrir foreldra viðhorfakannanir um líðan og menntun barnanna sem og eru lagðar kannanir (á hverju ári) fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar og líðan í leikskólanum.



Aðalnámskrá (2011) myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna marmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða





hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar.

9.2 Innra mat á leikskólastarfi

Í Aðalnámskrá (2011) er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari skólanámskrá. Í aðalnámskrá er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólafélagsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla að allt skólasamfélagið taki þátt í mat á skólastarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim.

9.2.1 Mat barna

Endurmat elstu barnanna fer þannig fram að við erum með spurningar sem að tengjast leikskólalífinu bæði innan og utandyra og töluspjöld. Börnin draga töluspjald (t.d. 4) og þá svara þau spurningu nr. 4. Hvert barn dregur fimm töluspjöld. Þegar öll börnin eru búin að taka þátt þá eru niðurstöður teknar saman og nýttar til að gera enn betur ef þess þarf.

9.2.2 Mat starfsmanna leikskólanna

Starfsmannasamtöl og starfsmannakannanir eru nýttar til að meta starfið. Einnig fer fram mat starfsmanna á starfsmannafundum, deildar- og deildarstjórafundum og á skipulagsdögum. Lagðar eru fram leiðir að umbótum/umbótaáætlun sem starfsmannahópurinn sameinast um að leiða áfram til að gera gott starf enn betra.



9.2.3 Mat foreldra

Á vegum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar eru sendar út viðhorfskannanir til foreldra annað hvert ár þar sem viðhorf þeirra til skólastarfsins er kannað. Þessar kannanir eru starfsfólki mikilvægar til að vita hvernig foreldrar telja að barni þeirra líði í leikskólanum, hvernig aðlögun gekk og hvert viðhorf þeirra er til leikskólans, námsumhverfis og upplýsingaflæði. Einu sinni til tvisvar sinnum á ári eru foreldrar boðaðir í foreldrasamtal og eru þau notuð sem matstæki á starf leikskólans. Foreldrar eru jafnframt hvattir til þess að koma ábendingum sínum varðandi starfið til starfsfólks eða stjórnenda svo hægt sé að bregðast fljótt við t.d. ef eitthvað má betur fara. Foreldraráð hefur það hlutverk að gefa umsagnir til leikskóla og fylgjast með framkvæmd skólanámskrá og felst einnig mat í því.





10. Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011/2011.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2017). *Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna, undirbúningur undir lestur*. <https://mml.reykjavik.is/wp-content/uploads/2019/03/snemmt%C3%A6k-%C3%ADhlutun-handb%C3%B3k-og-vi%C3%B0auki-1-compressed.pdf>

Barnaheill. (e.d.). *Vinátta*. <https://barnaheill.is/forvarnir-einelti/>

Barnalög nr 76/2013

Barnasáttmáli (2020, 20. nóvember). [*Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna*]. <https://www.barnasattmali.is/is>

Hafnarfjörður. (e.d.). *Menntastefna Hafnarfjarðar*. <https://hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-og-born/menntastefna/>

Hlín Pálsdóttir. (2017). *Náttúrulegt umhverfi og börn: áhrif náttúrulegs umhverfis á frjálsan leik barna og þroska þeirra* [Bakkalárritgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/28528>

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2024). *Aðalnámskrá leikskóla*. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (2017, 31. maí). *Orðaforðalisti*. <https://mms.is/frettir/ordafordalisti>

